

Mánudaginn 6. desember 1937.

Nr. 69/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Erlendi Sigurðssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Togaranjósir.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. marz 1937: Kærði, Erlendur Sigurðsson, greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allar kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu er það upplýst, að kærði hefir á tímabilinu 5. júlí 1935 til 4. des. s. á. sent brezkum togurum, er þá voru að veiðum hér við land, 8 loftskeyti á dulmáli með upplýsingar um vistarstaði landhelgisgæzluskipa hér við land á þeim tíma, er skeytin voru send. Af skeytum þessum voru 3 send togaranum „Drangey“, 2 togaranum „Vinur“, og sitt skeytið til hvers af togurunum „Aley“, „Blakkur“ og „Fairway“. Ennfremur hefir kærði kannazt við það, að hann hafi látið íslenzka togaranum „Belgaum“ samskonar upplýsingar í té. Þessar athafnir kærða varða við 4. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing hans fyrir þær hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutnings-

laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 90 krónur til hvors.

Dví dæmist rétt vera :

Kærði, Erlendur Sigurðsson, greiði 5000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 3 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 90 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Erlendi Sigurðssyni skipstjóra, Ránargötu 21 hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 1920.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 1. júlí 1894. Hann var hinn 14. febrúar 1929 sektaður um 20 krónur fyrir að neita að staðfesta vitnaframburð, en hefir ekki oftast sætt refsingu, svo kunnugt sé.

Er rannsókn hófst í máli þessu, hafði kærði undanfarin 3 ár verið skipstjóri á togaranum Venus frá Hafnarfirði. Hefir kærði játað að hafa á þessu tímabili sent nokkrum togurum frá skipi sínu með loftskreytum á dulmáli upplýsingar um varðskipin. Hann hefir játað að hafa sent slíkar upplýsingar til brezku togaranna Alsey, Blakkur, Fairway og Vinur og íslenzka togarans Belgaum. En eigi man kærði, nema fleiri skip fengju slíkar upplýsingar frá honum. Eigi hefir kærði getað tilgreint nánar,

hve mikið hafi að öðru leyti kveðið að þessari upplýsingastarfsemi hans. Þau skeyti, sem farið hafa um landstöðvar milli skips kærðs og annara skipa og fyrirbyggjandi voru í skjallasafni landsímans, hafa verið athuguð undir rannsókn málsins, og með dulmálslyklum, sem teknir voru úr brezka togaranum Vinur, hefir tekizt að þýða allmörg skeyti, sem farið hafa í milli kærða og annara skipa, og sem hafa reynzt innihalda upplýsingar um varðskipin.

Kærði kveðst hafa sent þessar upplýsingar til annara skipa samkvæmt beiðni skipstjórana á þeim, án þess þó að um nokkurt fast samkomulag um slíka upplýsingastarfsemi væri að ræða. Eigi hefir kærði fengizt til að upplýsa, með hverjum hætti hann aflaði upplýsinga þeirra, sem hér um ræðir, en af skeytum þeim, sem fyrir liggja og þýdd hafa verið, sést, að um gagnkvæmar upplýsingar hefir verið að ræða milli skips kærðs og annara skipa, en í þessum skeytum felast upplýsingar um dvöl og hreyfingar varðskipanna á hinum ýmsu stöðum hringinn í kring um landið.

Sjálfur kveðst kærði hafa aflað sér upplýsinga um varðskipin til þess að útiloka það, að varðskip kæmu að honum undir kringumstæðum, sem telja mætti grunsamlegar, en hann hefir neitað því að hafa gert þetta í þeim tilgangi að geta í skjóli upplýsinganna veitt óhultur í landhelgi. Tílefni til þessa hefir kærði talið það, að hann hafi einu sinni sætt kærðu af hálfu varðskips fyrir landhelgisbrot, sem hann hefir verið sýknaður af fyrir dómi. Í sama skyni og að framan greinir kveðst kærði hafa látið öðrum skipum í té upplýsingar um varðskipin. Þessi framburður kærða um tilgang upplýsingastarfseminnar verður ekki tekinn trúanlegur, og þykir mega ganga út frá því, að tilgangurinn hafi verið sá, að skipin gætu, ef svo bæri undir, stundað landhelgisveiðar óhultur fyrir varðskipunum.

Þessi upplýsingastarfsemi kærða varðar við 4. gr. laga nr. 5 1920, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.